



Til: mast@mast.is

Efni: Umsögn vegna umsóknar um ræktunarleyfi til skeldýraræktunar í Skötufirði, Ísafjarðardjúpi.

Upplýsingar: Sent: 03.01.2018 11:05:09 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017120008, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2017120008

Vísað er til bréfs frá Matvælastofnun, dags. 8. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Kristjáns Daðasonar um leyfi til að rækta allt að 10.000 tonn af krækling í Skötufirði, Ísafjarðardjúpi.

Í umsókninni kemur fram að fyrirhugað er að safna kræklingalirfum, bláskel, sem fyrir eru á svæðinu og rækta þær áfram á þar til gerðum búnaði, koltrefjaflekum með áföstum ræktunarlinum. Gert er ráð fyrir að flekarnir verði í allt um 1200 talsins og þarf hver fleki um 20 m² en áfast við hvern fleka eru um 140 ræktunarlinur. Í allt er gert ráð fyrir að nota um 18-19 ha af hafsvæði undir ræktunina.

Þar sem um er að ræða áframeldi á dýrategund, innlend tegund, og sem fyrir er á svæðinu og auk þess ekki þörf á að fódra kræklinginn gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við þann hluta af fyrirhugaðri ræktun. Þrátt fyrir að ekki þurfi að nota fóður þá falla til úrgangsefni og einnig losna skeljar frá eldinu. Uppsöfnun verður því á lífrænum efnum á hafsbótunum undir eldinu sem getur valdið breytingum á lífríki umhverfis það. Það er því mikilvægt að gerðar séu kröfur um mótvægisaðgerðir (t.d. grisjun á skeldýrum) og virkt mengunareftirlit í svo stóru eldi til að koma í veg fyrir röskun á lífríki eins og frekast er unnt. Engin umfjöllun er um mengun í umsókninni eða botndýralíf á ræktunarsvæðinu.

Í umsókninni er lítið sem ekkert fjallað um aðra notkun á hafsvæðinu í Ísafjarðardjúpi s.s. fyrirhugað laxeldi í sjókvíum og hugsanlega víxlverkun þar á milli en þetta þarf einnig að skoða m.t.t. þess hvað mikla lífræna mengun Ísafjarðardjúp eða einstakir staðir þess þola.

Eftir því sem Náttúrufræðistofnun er kunnugt um er ekki mikil reynsla á að nota fleka við Ísland í kræklingarækt. Í umsókninni er engin greinargóð lýsing á ræktunarflekunum eða gæðum þeirra til að standast veðurfar hér á landi þ.m.t. ísmyndun eða rekis.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

